

# SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Flugminjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti, Örlygshöfn,  
Vestur-Barðastrandasýslu.

## 1. gr.

Safnið heitir Flugminjasafn Egils Ólafssonar.

## 2. gr.

Stofnendur safnsins hjónin Egill Ólafsson og Ragnheiður Magnúsdóttir ásamt sonum sínum Ólafi, Gunnari og Kristni Þór hafa með gjafabréfi dagsettu 18. mars 1992 gefið flugmálastjórn til fullrar eignar alla muni, sem samkvæmt skrá hefur nú verið komið í Flugminjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti og fylgir skráin bréfinu. Samgönguráðherra veitti gjöfinni viðtöku með undirritun sinni hinn 31. mars 1992.

## 3. gr.

Stofnfé safnsins er flugminjasafn, sem stofnendur gáfu samkvæmt fyrrgreindu gjafabréfi og munaskrá sem fylgdi því.

## 4. gr.

Tilgangur safnsins er að efla og styrkja íslenska flugsögu með verðveislu flugminja og hafa þær til sýnis almenningi. Þeim markmiðum skal ná með því að veita fé til aukningar og endurbóta á aðbúnaði safnsins og með öflun fleiri muna er tengjast flugsögunni.

## 5. gr.

Stjórn safnsins skal skipuð 3 mönnum og skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Tveir eru tilnefndir af flugmálastjóra og stjórn Félags íslenskra atvinnuflugmanna, einn frá hvorum aðila til fjögurra ára í senn. Meðan Egils Ólafssonar nýtur við skal hann vera sjálfkjörinn í safnstjórnina, en eftir hans daga verður einn af þremur stjórnarmönnum tilefndur af afkomendum Egils Ólafssonar og Ragnheiðar Magnúsdóttur úr þeirra hópi.

## 6. gr.

Flugmálastjórn ber ábyrgð á fjárvörslu og annast rekstur og viðhald safnsins þar með talið bókhald og fjármálastjórn, og skal gera ráð fyrir rekstri og viðhaldi safnsins við fjárlagagerð.

Tekjur safnsins til að auka við eignir þess eru samkvæmt ákvörðun Alþingis. Safnstjórn er þó heimilt að taka við gjafafé og hlutum. Tekna skal aflað til rekstrar safnsins með aðgangseyri, gjafafé og framlagi samkvæmt heimildum á fjárlögum.

## 7. gr.

Reikningsár safnsins er almanaksárið. Flugmálastjórn skal eigi síðar en 30. júní ár hvert senda Ríkisendurskoðun reikning flugminjasafnsins endurskoðaðan af endurskoðanda flugmálastjórnar fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé safnsins hefur verið ráðstafað á því ári.

Stjórn safnsins skal jafnframt tilkynna sjóðaskrá hverjir skipi stjórn hverju sinni.

## 8. gr.

Eigi má selja eða veðsetja fasteignir sem eru eign safnsins, nema að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

## 9. gr.

Nú hafa þjóðfélagshættir og aðstæður breyst svo mjög frá því að skipulagsskrá safnsins var staðfest að markmiðum þeim, sem skipulagsskrá gerir ráð fyrir, verður eigi náð eða stjórn verður ekki skipuð samkvæmt ákvæðum hennar og er dómsmálaráðherra þá heimilt að breyta skipulagsskrá. Við slíka breytingu skal þess gætt að fara eftir óskum stofnenda svo sem unnt er. Ef unnt er skal fá samþykki stjórnar safnsins til breytinganna.

## 10. gr.

Að ósk gefenda skal safnið halda sér sem ein heild um ókomin ár og skal það varðveitt í þeim húsakynnum sem því hafa verið eða munu verða búin að Hnjóti.

## 11. gr.

Að öðru leyti fer um stjórn safnsins samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988 og í samræmi við þjóðminjalög nr. 88/1989 eftir því sem við á.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. júní 1994.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

Jón Thors.

Fylgiskjal 1:**GJAFABRÉF**

Með bréfi þessu gefa hjónin, Egill Ólafsson og Ragnheiður Magnúsdóttir, Hnjóti, Vestur-Barðastrandasýslu, alla muni sem nú hefur verið komið í Flugminjasafn Vestur-Barðastrandasýslu, að Hnjóti.

Safnið er skráð í bráðabirgðaskrá, sem fylgir gjafabréfi þessu, en gefendur munu síðar gera fyllri skrá yfir munina. Safnið er gefið Flugmálastjórn til fullrar eignar og telst Flugmálastjórn eigandi þess frá deginum í dag að telja.

Gjöfin er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að safnið beri nafnið „Flugminjasafn Egils Ólafssonar“.
2. Að safnstjórn verði skipuð þremur mönnum, sem tilnefndir verði af Flugmálastjóra og stjórn Félags Íslenskra Atvinnuflugmanna, einum frá hvorum til fjögurra ára í senn og skipti stjórnin með sér verkum.  
Meðan Egils Ólafssonar nýtur við, skal hann sjálfkjörinn í safnstjórnina, en eftir hans dag verði einn af þremur stjórnarmönnum kjörinn af afkomendum Egils Ólafssonar og Ragnheiðar Magnúsdóttur úr þeirra hópi.
3. Að safnið fái að halda sér sem ein heild um ókomin ár og að það verði varðveitt í þeim húsakynnum, sem því hafa verið eða verða búin, að Hnjóti.
4. Flugmálastjórn annist rekstur og viðhald safnsins.

*Gert að Hnjóti þann 18. mars 1992.*

**Ragnheiður Magnúsdóttir**

**Egill Ólafsson.**

Við undirritaðir samþykkjum í einu og öllu framangreinda ráðstöfun.

**Ólafur Egilsson**

**Gunnar Egilsson**

**Kristinn Þór Egilsson.**

Höfðingsgjöf þessi er móttekin með þakklæti, 31. mars 1992.

**Halldór Blöndal,**  
samgönguráðherra.

## Fylgiskjal 2:

### **Flugminjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti.**

#### **Safnaskrá:**

*Flugstöð* frá Patreksfjarðarflugvelli, notuð sem flugstöð frá 18. nóvember 1965 til 9. janúar 1985.

*Hlutir* til sýnis í flugstöðinni tengdir starfsemi í húsinu:

Stólar og borð.

Fyrsta talstöðin.

Fyrsta símatækið.

Síðasta símatækið.

Fyrsta símatækið fyrir farþega.

Fyrsta símaskráin.

Síðasta símaskráin.

Fyrsta slökkvitækið notað við gangsetningu Fokker F. 27-200.

Móttakari fyrir radióvitana BT og PA.

Tvær gerðir af brautarluktum (notaðar við sjúkraflug).

*Aðrir hlutir til sýnis í húsinu:*

Sjúkrakarfa er notuð var í vélum Björns Pálssonar flugmanns.

Súrefnistæki (sjúkraflug).

Flugvélaskrúfa (gömul gerð).

Flugvélaskrúfa með stillanlegum skurði.

Merkjabyssa frá fyrstu árum flugsins.

Miðunarstöð, gömul gerð (flugvél).

Miðunarstöð, ný gerð (flugvél).

Fyrstu brautarluktir er notaðar voru á landinu.

Ratar, notaður við flug til Ísafjarðar árin 1964 til 1972.

Mynd af Grími Jónssyni er annaðist ratarinn meðan hann var í notkun.

Fjölsími (notaður í flugstjórn).

Neyðarsendir úr flugvél (gömul gerð).

Ratarsvari (sennilega fyrsta gerð er notuð var í heiminum).

Ratarsvari, tvær gerðir er sýna þróun þessa tækis.

Frímerkjavél (stimpivél) notuð hjá Flugmálastjórn fyrir tugum ára.

Reikningstokkar (notaðir í flugvélum við flugleiðsögu).

Talstöð, Boeing TF-VLB.

Talstöð, Gonset/V.H.T.

Viðtæki (móttökutæki Agnars Kofoed-Hansen flugmálastjóra).

Handvirkt símatæki (Keflavík, flugstjórn).

Handvirkt símatæki (Hornafjörður, flugstjórn).

Krónometir (flugvél).

Brautarlukt (Reykjavíkurflugvöllur árið 1944).

Áttaviti TF-ISH (árið 1946) síðar TF-NPK.

Stálþynna úr flugrita (svörtum kassa).

Tæki til að lesa af stálþynnu úr flugrita, svarta kassanum (sennilega fyrsta gerð sinnar tegundar í heiminum).

Sextant (flugvél), gjöf frá yfirmanni varnarliðsins í Keflavík.

Manual (handbók) Fokker 50, gjöf frá yfirflugstjóra. Fokkerflugvélaferksmiðjanna í Hollandi.

*Flugstöð Þingeyrarflugvöllur, notuð sem flugstöð árin 1970 til 1984:*

Flugstöðin er stýrishús af skipinu Hamona ÍS-29.

*Hlutir* til sýnis í flugstöðinni tengdir starfsemi í húsinu:

Talstöð séra Stefáns Eggertssonar flugvallarvarðar.

Stóll séra Stefáns.

Kaffibúnaður séra Stefáns er hann notaði fyrir áhöfn Fokkerflugvéla.

Bollar er séra Stefán notaði fyrir flugmenn flugfélagsins Ernís, Ísafirði.

Baujuluktir er séra Stefán notaði sem brautarluktir (sjúkraflug).

*Aðrir hlutir til sýnis í húsinu:*

Morselampi TF-ISP (Gamli Pétur).

Brunakrani, Reykjavíkurflugvöllur árið 1941.

Toppljós af fyrsta Flugturninum í Reykjavík.

Neyðarblys er notuð voru í flugvélum og skipum á stríðsárunum.

Talstöð sömu gerðar og notuð var í stýrishúsinu á Hamonu ÍS-29 (Íslensk smíði).

Staglukt (leguljós) sömu gerðar og var í Hamonu ÍS-29.

Náms- og handbækur Íslenskra atvinnuflugmanna, sýnishorn af starfi flugmannsins.

Hópmynd af flestum þeim flugmönnum Flugfélags Íslands er notið hafa afgreiðslu í þessari merkilegustu flugstöð Íslands.

*Radíóvitahús*, eitt af fyrstu radíóvitahúsum landsins, sett upp á Garðaholti við Hafnarfjörð (aðflug fyrir Reykjavíkurflugvöll).

Radíóviti (gömul gerð).

Þetta eru þeir hlutir er afhentir voru þegar ég tók þá ákvörðun að gefa safnið. Síðan hef ég bætt við miklu myndefni og hlutum er varða flugsöguna sem verða eign safnsins þegar það verður tölvuskrásett..

Í minni eigu eru margir hlutir er minna á flugsögu okkar. Þeim mun ég koma fyrir í safninu þegar ég fæ húspláss til að hafa þá til sýnis. Verða þeir þar með eign safnsins..

Það er margra ára verk að byggja upp flugminjasafn sem þetta, safn sem sýnir baráttuvilja og framsýni þeirra manna er fært hafa íslensku þjóðina inn á flugsögu heimsins..

*Hnjóti, 1. maí 1994.*

**Egill Ólafsson.**